



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 29. nóvember var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson aðalbókari sveitarfélagsins sat fundinn undir 2. lið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og það sem framundan er. Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega og til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 fyrri umræða

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitasjóðs og stofnana fyrir árin 2022-2025 til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlun 2022 var annars vegar tekin til umræðu og hins vegar fjögurra ára áætlun 2022-2025. Sveitarstjóri og Ólafur Þór Ólafsson, aðalbókari sveitarfélagsins, fóru yfir og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar og áherslur. Samþykkt var að vísa framlagðri áætlun til annarrar umræðu.

3. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan-sept 2021 og fjárfestingayfirlit jan-okt 2021

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan-sept 2021 og fjárfestingayfirlit jan-okt 2021 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.



4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 2 við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri, sem nemur 11,2 m.kr. í tekjur umfram gjöld.

Helstu breytingar rekstrar tengjast tekjum af sölu íbúða og hækkun hafnarsjóðstekna.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun lækki um 154,1 m.kr.

Helstu breytingar á framkvæmdaáætlun tengjast flutningi verkefna yfir á næsta ár.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að viðauka samhljóða með 5 atkvæðum.

5. Málefni Slökkviliðs Skagastrandar

a. Samstarfssamningur um gagnkvæma aðstoð

Fyrir fundinum lá samstarfssamningur við Brunavarnir A-Hún sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Var sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar Brunavarna A-Hún til þess að ræða forsendur samnings.

b. Vegna úttektar HMS á slökkviliði Skagastrandar 2021

Í tengslum við úttekt HMS á slökkviliði Skagastrandar sem tekin var til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 20. október sl. fór sveitarstjóri yfir þá vinnu sem hefur farið fram frá síðasta fundi.

- Unnið hefur verið að brunavarnaáætlun og er áhættumati að verða lokið fyrir Skagaströnd og vinna við áhættumat vegna Skagabyggðar hafin.
- Fimm slökkviliðsmenn liðsins hafa sótt námskeið 1 fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn í Brunamálaskólanum og sitja þeir einnig námskeið 2 sem lýkur fyrir áramót.
- Búið er að setja viðhald og úrbætur á slökkvistöð í fjárfestingaáætlun fjárhagsáætlunar 2022 til þess að bæta úr þeim annmörkum sem gerðar voru athugasemdir við í úttekt HMS. Búið er að ráða verktaka vegna framkvæmdanna og áætlað að þær hefjist í byrjun næsta árs.



6. Reglur Sveitarfélagsins Skagastrandar um stofnframlög skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016

Fyrir fundinum lágu reglur sveitarfélagsins um stofnframlög skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016. Stofnframlög eru húsnæðisstuðningur í formi eiginfjár sem veitt eru annars vegar fyrir hönd ríkisins í gegnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og hins vegar frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem almennar íbúðir eru staðsettar. Stofnframlög eru veitt til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði með það að markmiði að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði fyrir tekjulága einstaklinga og fjölskyldur og kallast íbúðirnar almennar íbúðir. Sveitarstjórn ræddi reglurnar og fól sveitarstjóra að senda þeir til HMS til samþykktar og birta í kjölfarið.

7. Jafnlaunavottun

Fyrir fundinum lá tilboð í úttekt og vottun frá Versa Vottun og drög að samningi við Versa Vottun vegna úttektar og vottunar stjórnunarkerfis fyrir sveitarfélagið. Um er að ræða samning til þriggja ára vegna frumvottunar og eftirlitsúttektar á ári 2. og 3. Sveitarstjóri fór yfir tilboðið og drög að samningi. Fram kom að leitað hafi verið tilboða hjá öllum vottunarstofum á Íslandi en tilboð Versa Vottunar hafi verið hagkvæmast fyrir sveitarfélagið. Vinna við jafnlaunavottun er hafin og hefur sveitarfélagið fengið til liðs við sig annars vegar Katrínu Dóru Þorsteinsdóttur sem er mannauðsráðgjafi sveitarfélagsins og hins vegar Ráð ehf. sem sérhæfir sig í ráðgjöf og fræðslu í tengslum við stjórnunarkerfi og stefnumótun. Áætlað er að vottun ljúki í lok janúar 2022 og hefur Jafnréttisstofa verið upplýst um gang mála. Sveitarfélagið ræddi framlagt tilboð og samningsdrög og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.

8. Úttekt á sorphirðu á Norðulandi vestra

Fyrir fundinum lá verkáætlun frá Eflu vegna úttektar á sorphirðumálum á NV landi. Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins er 2.902.900 kr. sem skiptist á milli þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Sveitarstjórn ræddi verkáætlun og mikilvægi verkefnisins í tengslum við auknar kröfur og breytingar í málaflokknum. Var sveitarstjóra falið að halda áfram að vinna að verkefninu.



9. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

10. Bréf

a. Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra dags. 1. október 2021

Efni: *Rekstrarstyrkur/vildargjald fyrir árið 2022*

Fyrir fundinum lá erindi Farskólans þar sem óskað er eftir rekstrar/vildargjaldi fyrir árið 2022. Sveitarstjórn samþykkti að vísa því til fjárhagsáætlunar.

b. Húnavatnshreppur dags. 29. október 2021

Efni: *Stefnumörkun ferðaþjónustu í Húnavatnshreppi*

Fyrir fundinum lá erindi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps og skýrsla þar sem kynnt er stefnumörkun í ferðaþjónustu Húnavatnshrepps. Skýrslan var lögð fram til kynningar.

c. Sveitarstjórn Skagabyggðar dags. 3. nóvember 2021

Efni: *Vegna beiðni um sameiningarviðræður*

Fyrir fundinum lá erindi sveitarstjórnar Skagabyggðar þar sem fram kemur að eftir umræður innan sveitarstjórnar Skagabyggðar sé ljóst að ekki sé samstaða innan sveitarstjórnar til að hefja formlegar sameiningarviðræður við Sveitarfélagið Skagaströnd. Erindið var lagt fram til kynningar.

d. Körfuboltaskóli Norðurlands vestra dags. 8. nóvember 2021

Efni: *Styrkbeiðni*

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna reksturs Körfuboltaskóla Norðurlands vestra til þess að halda námskeið á Skagaströnd. Var styrkbeiðni vísað til fjárhagsáætlunar.



e. Sveitarstjórn Húnaþings vestra dags. 11. nóvember 2021

Efni: *Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra*

Fyrir fundinum lá erindi Sveitarstjórnar Húnaþings vestra varðandi málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag. Í erindinu er lýst miklum áhyggjum yfir vaxandi halla á rekstri málaflokksins. Ljóst er að framlag sveitarfélaga með málaflokknum er langt umfram það útsvarshlutfall sem ætlað er að standa undir rekstrinum. Tekið er undir áhyggjur Húnaþings vestra og ljóst að ef áfram heldur sem horfir verði erfitt fyrir sveitarfélögin að standa undir rekstrinum. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra og oddvita að sitja fund með ráðherra málaflokksins og aðilum samstarfssamnings til þess að fara yfir stöðuna.

f. Formanni stjórnar Norðurár dags. 15. nóvember 2021

Efni: *Ný svæðisáætlun*

Með erindinu er tilkynnt að borist hafi erindi frá formanni Flokkunar Eyjafarðar þar sem lýst er vilja til að hefja endurgerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Var sveitarstjóra falið að óska eftir nánari skýringum á erindinu. Var afgreiðslu frestað til næsta fundar.

g. Húnaþing vestra dags. 26. nóvember 2021

Efni: *Samstarfssamningur um embætti skipulags- og byggingafulltrúa.*

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi Húnaþings vestra, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir að nýtt embætti skipulags- og byggingafulltrúa taki til starfa 1. janúar 2022. Sveitarfélaginu Skagaströnd stendur til boða að gerast aðili að samstarfssamningnum og er óskað eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu fyrir 15. desember 2021. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að óska eftir frekari upplýsingum. Var afgreiðslu á erindinu frestað.



11. Fundargerðir

a. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 19. ágúst 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 17. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 15. október 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 12. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 27. október 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29. október 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g. Stjórnar SSNV dags. 2. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar.

h. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 22. nóvember 2021

Fyrir fundinum lá fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar frá 22. nóvember 2021.

Undir lið 1. b. var eftirfarandi bókað

Breyting á deiliskipulagi við Hólanes

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi Hólanessvæðis, dagsett 25. ágúst 2021. Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi vegna áforma um uppbyggingu sjóbaða á svæðinu.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Bókun hafnar- og skipulagsnefndar staðfest með fimm greiddum atkvæðum.



Undir lið 1. c. var eftirfarandi bókað:

Umsókn um byggingaleyfi - Aðveitustöð að Fellsmelum

Fyrir fundinum lá erindi Helga Hafliðasonar arkitekts f.h. Rarik ofh. dags. 1. nóvember 2021 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir byggingu spennahúss sem viðbyggingu við núverandi stöð á Fellsmelum á Skagaströnd. Hafnar- og skipulagsnefnd fór yfir framlögð gögn en um er að ræða breytingu á byggingarmagni á lóð. Byggingarfulltrúi fór yfir framlögð gögn og samþykkir byggingaráform. Áður en byggingaleyfi verður gefið út þarf Rarik að skila inn vinnuteikningum og eyðublaði fyrir meistaraábyrgðir. Hafnar- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að byggingaleyfi verði gefið út og er samþykkt því að breytingar verði gerðar á byggingarmagni á lóð.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Bókun hafnar- og skipulagsnefndar staðfest með fimm greiddum atkvæðum.

Undir lið 1. d. var eftirfarandi bókað:

Umsóknir um lóðir

Hólanesvegur 6

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um úthlutun lóðar að Hólanesvegi 6.

Stefán Velemir - umsókn dags. 1. júlí 2021:

Fyrirhuguð húsbygging er einingahús. Ekki liggja fyrir teikningar af húsinu en sveitarstjóri sýndi nefndinni mynd af sambærilegu húsi. Líklegur byrjunartími á framkvæmdum er ekki tilgreindur þar sem hann fer eftir úthlutunartíma lóðar en áætlaður byggingatími er 6-8 mánuðir.

Guðjón Bjarnason – umsókn dags. 19. október 2021:

Umsókn um endurúthlutun lóðar. Lóðinni var fyrst úthlutað til Guðjóns á fundi hafnar- og skipulagsnefndar þann 28. október 2019 og endurúthlutað á fundi nefndarinnar þann 6. október 2020 þar sem framkvæmdir höfðu ekki hafist innan árs frá úthlutun eins og gert var ráð fyrir. Fyrir fundinum lágu teikningar ásamt greinargerð um uppbyggingu svokallaðs hágámahúss á lóðinni. Í greinargerð með beiðni um endurúthlutun kemur fram að um samstarfs-, þróunar- og rannsóknarverkefni sé að ræða. Þá lágu fyrir fundinum samstarfsyfirlýsingar frá Stólpa Gámum og Emil Þór Guðmundssyni byggingatækniþæðingi. Skv. umsókn er áætlað að framkvæmdir hefjist fyrir árslok 2021 og áætlaður byggingatími 2 ár með fullkláraðri lóð.



Nefndin fór yfir framlög gögn og umsóknir aðila. Nefndin samþykkti að endurúthluta lóðinni til Guðjóns Bjarnasonar háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að framkvæmdir verði hafnar innan 6 mánaða og að húsið hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun lóðar.
2. Að þar sem að verið sé að byggja í gömlu hverfi þá verði að fara fram grenndarkynning á aðaluppdráttum hússins áður en byggingaráform verða samþykkt. Umræðar komu fram um efasemdir hjá nefndarmönnum um að útlit og húsgerð falli ekki að núverandi umhverfi.

Oddagata 2

Guðjón Bjarnason – greinargerð dags. 19. október 2021:

Í greinargerð er fjallað um fyrirhugaða byggingu á húsi við Oddagötu 2 til þess að byggja „minna systurhúss“ fyrirhugaðs hágámahúss að Hólanesvegi 6. Þakhalli húss yrði lægri og hliðar hússins hvítklæddar til samræmis við umhverfi. Áætlað að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2022. Nefndin telur ekki forsendur til þess að taka afstöðu til úthlutunar lóðar miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þar sem ekki liggur fyrir formleg umsókn. Afgreiðslu erindist frestað.

Ránarbraut 2-8

Guðjón Bjarnason – greinargerð dags. 19. október 2021:

Í greinargerð er fjallað um uppbyggingu par- eða einbýlishúsa að Ránarbraut 2-8. Skv. greinargerð er gert ráð fyrir að nýta hlutdeildarlán og mögulega stofnframlög HMS til byggingar á einu húsi. Húsin eru einingarhús framleidd í Litháen. Ekki kemur fram í greinargerð hvenær áætlað er að framkvæmdir hefjist eða fyrirhugaður byggingartími. Nefndin telur ekki forsendur til þess að taka afstöðu til úthlutunar lóða miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þar sem ekki liggur fyrir formleg umsókn. Afgreiðslu erindis frestað.

Bókun sveitarstjórnar:

Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar samþykkt samhljóða.

i. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 23. nóvember 2021

Fundargerð lögð fram til kynningar .



12. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:40

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir

